

KYNFÆRAVÖRTUR (CONDYLOMA ACCUMINATA) Á MEÐGÖNGU

Kynfæravörtur eru af völdum HPV veiru sem eru ekki þær sömu og geta leitt til frumubreytinga á leghálsi. Kynfæravörtur sem kona hefur fyrir meðgöngu og eru löngu horfnar skipta ekki máli fyrir meðgöngu konunnar. Kynfæravörtur geta komið í ljós á meðgöngu og eru oftast á spöng og við leggangaop en geta einnig verið í leggöngum eða á leghálsi. Fyrri vörtusýking getur stundum tekið sig upp aftur á meðgöngu vegna lífeðlisfræðilegrar ónæmisbælingar.

Mikilvægt er að skoða konuna og fá rétta greiningu ef grunur er um vörtur. Þjóða rannsókn fyrir öðrum kynsjúkdómum eins og Klamydiu og lekanda.

Kynfæravörtur geta valdið kláða, sviða og ýmsum óþægindum m.a. við samfarir.

Meðferð er metin í hverju tilviki fyrir sig og mælt með ráðgjöf hjá heimilislækni eða fæðingalækni.

Meginreglan er sú að vörtur eru ekki meðhöndlaðar á hefðbundinn hátt á meðgöngu því meðganga er frábending fyrir vörtueitri/podofyllin meðferð. Meðferð getur falist í því að klippa vörturnar af, frysta eða eyða með laser í staðdeyfingu. Ef konan vill losna við vörturnar er henni vísað til kvensjúkdómalæknis eða húð- og kynsjúkdómalæknis á stofu.

Vörtur á kynfærum hafa yfirleitt ekki áhrif á ákvörðun um fæðingarmáta.

Smithættan frá móður til barns er lítil og keisaraskurður verndar ekki fyrir smitinu.

Ef ekkert er aðhafst hverfa vörturnar oftast eftir fæðingu á 3-6 mánuðum.